



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2023, fimmtudaginn 25. maí kl. 09.30 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 2. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Sjónarhól. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var Dagný Alma Jónasdóttir

Þetta gerðist:

1. Sérákvæði – Víkurvegur, Borgavegur, gangbrautir

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki að eftirfarandi gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:

- Tvær þveranir yfir Víkurveg, sunnan og norðan nýs hringtorgs við Borgaveg
- Þverun yfir Borgaveg, vestan nýs hringtorgs við Víkurveg
- Þverun yfir Fossaleyni, austan nýs hringtorgs við Víkurveg

Gönguþveranirnar verða merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðamerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

2. Sérákvæði vegna breytinga í Mjölnisholti

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að heimilt verði að aka í báðar áttir um Mjölnisholt
- Að Mjölnisholt verði merkt sem vistgata
- Að Stakkholt 12 – 14 verði merkt sem vistgata
- Að eitt bifreiðastæði móts við Mjölnisholt 8 verði merkt sem bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðamerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt



3. Sérákvæði – Háaleitisbraut móts við Álmgærði, gangbraut

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki að göngubverun yfir Háaleitisbraut, móts við Álmgærði, verði merkt sem gangbraut.

Göngubverunin verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðamerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni

Samþykkt

Fundi slitið kl. 09.42

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Víkurvegur, Borgavegur, gangbrautir

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki að eftirfarandi gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:

- Tvær þveranir yfir Víkurveg, sunnan og norðan nýs hringtorgs við Borgaveg
- Þverun yfir Borgaveg, vestan nýs hringtorgs við Víkurveg
- Þverun yfir Fossaleyni, austan nýs hringtorgs við Víkurveg

Gönguþveranirnar verða merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðamerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:


Í tengslum við gerð hringtorgs á gatnamótum Víkurvegjar og Borgavegjar er lagt til að merkja gönguþveranir sem gangbrautir. Fyrir framkvæmdir er umferð um gatnamótin stýrt með umferðarljósum, en hægribeygjufrahjáhlaup er fyrir tvær af fjórum hægribeygjum á gatnamótunum. Samkvæmt upplýsingum úr slysaskrá Samgöngustofu eru slys með meiðslum fleiri á þessum gatnamótunum en aðlægum eða sambærilegum gatnamótum. Nýtt leiðarnet Strætó og fyrirhuguð Borgarlínuleið B gera ráð fyrir endastöð nokkurra leiða almenningsamgöngukerfisins við Egilshöll og nauðsynlegt er að geta snúið vögnum við á þeirri stöð. Með því að breyta gatnamótum Víkurvegjar og Borgavegjar er hvoru tveggja hægt að tryggja að einungis þurfi eina endastöð fyrir Strætó í stað tveggja, sitt hvoru megin hringtorgs við innkeyrslu á bílplan Egilshallar, og auka umferðaröryggi á gatnamótunum.

Töluverð umferð gangandi og hjólandi er um gatnamótin, en eru þau önnur af tveimur helstu tengingum Egilshallar við stígakerfi Grafarvogs. Það má því búast við töluverðri umferð yngri gangandi og hjólandi vegfarenda. Á sama tíma er ÁDU á Víkurvegi og Borgarvegi um 6-13 þús. ökutæki, en ÁDU á Fossaleyni er um 4 þús. ökutæki.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
starfandi deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd af hringtorgi við Víkurveg, Borgaveg og Fossaleyni með viðeigandi merkingum.





TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Sérákvæði vegna breytinga í Mjölnisholti

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að heimilt verði að aka í báðar áttir um Mjölnisholt
- Að Mjölnisholt verði merkt sem vistgata
- Að Stakkholt 12 – 14 verði merkt sem vistgata
- Að eitt bifreiðastæði móts við Mjölnisholt 8 verði merkt sem bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.


Greinargerð:

Í tengslum við nýtt deiliskipulag Hlemmtorgs og gerð Borgarlínu breytist notkun Laugavegar milli Rauðarárstígs og Katrínartúns þannig að þar verður einungis umferð gangandi, hjólandi og almenningsgangna. Til að tryggja aðgengi ökutækja að Skúlagarði, sem afmarkast af Laugavegi, Rauðarárstíg, Bríetartúni og Katrínartúni, er því lagt til að Mjölnisholt, sem í dag er einstefna til norðurs, verði tvístefna. Lítil bílaumferð er um Mjölnisholt og inn í Skúlagarð og umhverfi hannað þannig að gert er ráð fyrir alls konar vegfarendum á alls konar fararmátum. Því er lagt til að samhliða breytingu á götunni í tvístefnu verði hún gerð að vistgötu. Þá er lagt til að eitt bifreiðastæði í götunni verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða, en lítið er um sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða á svæðinu.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
sitjandi deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd umferðarmerkja og yfirborðsmerkinga í Mjölnisholti.



Önnunarmynd: 1:200
Skjalnúmer:

- H
- C
- I
- Vatni og veitni
- Vatni og veitni - átt tregðu vegna
- Vatni og veitni - átt tregðu vegna
- Nýskilning og veitni
- Nýskilning og veitni
- Nýskilning og veitni

Númer	A08,11	B01,21	B15,11	D01,21	D03,11	D14,11	D14,21	F14,11
11111 (1)	-	-	-	-	-	-	2	2
11111 (2)	-	-	-	-	-	-	-	-
11111 (3)	1	1	1	1	1	-	-	-



VSÓ RÁÐGJÖF

Mjólnirholtið
 Mjólnirholtið
 Mjólnirholtið
 Mjólnirholtið

Stærð	Stærð	Stærð	Stærð
11111	11111	11111	11111
11111	11111	11111	11111
11111	11111	11111	11111



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Háaleitisbraut móts Álmgerði, gangbraut

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki að gönguþverun yfir Háaleitisbraut, móts við Álmgerði, við verði merkt sem gangbraut.

Gönguþverunin verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðamerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Töluverð uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu í kringum útvarpshúsið. Samhliða þeirri uppbyggingu hefur þeim fjölgað sem þvera yfir Háaleitisbraut móts við Álmgerði, en þar er m.a. strætóstöð sem er mikið notuð. Í dag er þverunin yfir tvær akreinar í hvora átt en fyrirætlanir eru um að breyta Háaleitisbraut þannig að þverun yfir götuna verði einungis ein akrein í hvora átt, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. maí 2023. Sem hluti af þeim framkvæmdum er lagt til að þverunin verði merkt sem gangbraut.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
starfandi deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd af breytingum á Háaleitisbraut, þverun sem lagt er til að merkt verði sem gangbraut er innan rauða hringsins.



Reykjavíkurborg



www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMÞYKOT:

A 2023-04-14 VERKTEKNIÐ HJÚ AÐ GJ. ANGR

ÞTIS DAGS SKYRÐINGAR TEK. HANR. ÞYNT. SAMR.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Skjalnúmer: 13114
102 Reykjavík
Sími: 411 1111

BÚSTADAVEGUR (418), REYKJAVÍK
GATNAMÓT VIÐ HAALEITISBRAUT
Bráðabirgðalausa
Yfirlitsmynd

VERKFAÐ 22054 TERNING 001.C72.B101 A

© 2023 VERKÍS. ÖLL RÁÐGÆFINGAR ERU VIÐHAFNAR. ÖLL RÁÐGÆFINGAR ERU VIÐHAFNAR.

© 2023 Reykjavíkurborg. ÖLL RÁÐGÆFINGAR ERU VIÐHAFNAR. ÖLL RÁÐGÆFINGAR ERU VIÐHAFNAR.